

Mánudaginn 15. desember 1986.

Nr. 163/1985. **Axel Ström Óskarsson**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Erni Höskuldssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi hefur skotið hinni áfrýjuðu fjárnámsgjörð til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. júlí 1985 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, „að hin áfrýjaða fjárnámsgjörð verði ómerkt og úr gildi felld.“ Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt fram nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt.

Grundvöllur fjárnáms stefnda er dómsátt, sem áfrýjandi undirgekkst á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 28. júní 1983.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að fógeta hafi orðið á veruleg mistök við framkvæmd fjárnámsgerðarinnar.

Stefndi telur hins vegar að hin áfrýjaða fjárnámsgerð hafi verið framkvæmd lögum samkvæmt og rétti áfrýjanda að engu hallað.

Áfrýjandi heldur því fram að vottarnir, sem undirrituðu fógeta-gjörðina, hafi ekki verið viðstaddir þinghaldið. Fógeti hafi því ekki fullnægt 2. mgr. 2. gr. aðfararlaga nr. 19/1887. Fógeti hafi heldur ekki skráð nöfn vottanna í fógetaþókina svo sem skylt sé samkvæmt b lið 1. málsg. 42. gr. laganna. Þá hafi fógeti ekki fullnægt leiðbeiningarskyldu sinni samkvæmt 3. mgr. 41. gr. þrátt fyrir bókun þar um. Einnig heldur áfrýjandi því fram, að fógeti hafi ekki lesið upp það sem bókað var í gjörðarbókina.

Andstætt skýrum orðum fógetaðarinnar hefur áfrýjandi ekki

sannað ofangreindar staðhæfingar sínar, og eigi þykir bera að ómerkja fjárnámsgerðina, enda þótt fógeti hafi ekki skráð nöfn vottanna í meginmál bókanarinnar.

Sú málsástæða áfrýjanda með tilvísun í 2. mgr. 46. gr. sbr. 1. og 3. mgr. 28. gr. aðfararlaganna að ekki hafi mátt gera fjárnám í húseign áfrýjanda, þar sem hann hafi ekki verið þinglýstur eigandi fasteignarinnar, er haldlaus.

Svo sem málið liggur fyrir hefur áfrýjandi ekki sannað, að á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð séu þeir gallar, er leiði til þess, að hún verði felld úr gildi, og verður hún því staðfest.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti 20.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hið áfrýjaða fjárnám á að vera óraskað.

Áfrýjandi, Axel Ström Óskarsson, greiði stefnda, Erni Höskuldssyni, 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kjósarsýslu 12. desember 1984.

Ár 1984 miðvikudaginn 12.12. er fógetaréttur Kjósarsýslu settur að Grundartanga 25 og haldinn með undirrituðum vottum af Rúnari S. Gíslasyni ftr.

Fyrir er tekið fógetamálið: 1642/1984 Örn Höskuldsson hdl. gegn Axel Ström Óskarssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 aðfararhæfa sátt, nr. 3 greiðsluáskorun, nr. 4 birtingarvottorð.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Örn Höskuldsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 77.969,70 með dráttarvöxtum kr. 74.071,- til greiðsludags, kr. 1.472,- f.fjárnámsbeiðni og mót, kr. 390,- v. birtingu (sic) greiðsluáskorunar, kr. 717,- f. greiðsluáskorun og birtingu dóms, kr. 10.231,- í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er sjálfur viðstaddur.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti

yfir fjárnámi í eign gerðarpola, fasteigninni Grundartanga nr. 25, Mosfellshir.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður og brýnir m.a. fyrir honum að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 15. desember 1986.

Nr. 256/1985. **Axel Ström Óskarsson**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Ævari Einarssyni

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Áfrýjandi hefur skotið hinni áfrýjuðu fjárnámsgjörð til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 20. nóvember 1985. Hann gerir þær dómkröfur, að „hin áfrýjaða fjárnámsgjörð verði ómerkt og úr gildi felld.“ Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt fram ný gögn fyrir Hæstarétti.

Grundvöllur fjárnáms stefnda er dómsátt sem áfrýjandi undirgekkst á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 31. janúar 1985.